

Ed.

647. Frumvarp til laga

[224. mál]

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 418 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá styrk úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi, er nemi launagreiðslum til skólastjóra og kennara skólanna. Sveitarstjórn ræður skólastjóra og kennara að fengnum tillögum skólanefndar og teljast þeir starfsmenn sveitarfélagsins. Sveitarfélagið annast launagreiðslur, en ríkisstyrkur, er nemi 50% launakostnaðar skal mánaðarlega greiddur sveitarfélaginu, enda séu laun greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila skólans, fer með fjárreiður skólans, en viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.

Ef fleiri en eitt sveitarfélag stendur að rekstri tónlistarskóla, gera þau með sér samning um fyrirkomulag greiðslna og kostnaðarskiptingu.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilt að taka starfsmenn tónlistarskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum í tölu sjóðfélaga, sbr. 4. gr. 1. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og önnur ákvæði þeirra laga.